

Bæjarráð Kópavogs
 Digranesvegur 1
 200 Kópavogur

Bæjarráð Garðabæjar
 Garðatorgi 7
 210 Garðabæ

Reykjavík 3. júní 2019

VARÐAR: LÓÐ FYRIR ENDURVINNSLUSTÖÐ


Á stórnarfundi SORPU bs. þann 29. maí sl. voru staðsetningar endurvinnslustöðva og lóðir undir þær til umræðu. Var m.a. lögð fram frummatsskýrsla VSÓ um staðarvalsgreiningu fyrir staðsetningu. Eftirfarandi er bókað í fundargerð stjórnar:

„Lögð fram og kynnt frummatsskýrsla VSÓ á staðarvalsgreiningu fyrir staðsetningu endurvinnslustöðva. Jafnframt kynnt drög að minnisblaði framkvæmdastjóra um málefnið. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra um að senda erindi á Kópavogsbæ og Garðabæ um möguleika á lóð undir endurvinnslustöð við Hafnarfjarðarveg í samræmi við minnisblaðið.“

Tilvitnað minnisblað og frummatsskýrsla VSÓ fylgir með erindi þessu ásamt uppdrætti af því svæði sem rætt var um á stórnarfundinum en svæðið tilheyrir bæði Kópavogi og Garðabæ.

Hér með er óskað viðbragða bæjaryfirvalda í Kópavogi og Garðabæ við ofangreindri ósk um svæði/lóð fyrir endurvinnslustöð á því svæði sem fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti. Gert hefur verið ráð fyrir að nýjar endurvinnslustöðvar sem uppfylli nútíma kröfur um öryggi og afköst sé a.m.k. 10.000 m² að stærð.

Virðingarfyllst,
 f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
 framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Yfirlitsmynd – Hugsanlegt svæði fyrir endurvinnslustöð á mörkum Garðabæjar og Kópavogs
 Minnisblað lagt fyrir stjórn SORPU þann 29. maí 2019
 Frummatsskýrsla VSÓ á staðarvalsgreiningu.

Hugsanlegt svæði fyrir endurvinnslustöð á mörkum Garðabæjar og Kópavogs.

